

Grunnskóli Hornafjarðar

Fréttabréf

9.tbl. 18. árg. mars 2023

Ábyrgðarmaður: Kristín G Gestsdóttir

Nú er komin mars...

Tíminn liður svo sannarlega hér í Grunnskólanum og allt í einu er komin mars.

Öskudagur

Auðvitað var öskudagurinn haldinn hátíðlegur með öllu tilheyrandi. Nemendur eru duglegir að mæta í búningum sem er frábært. Starfsmenn eru það líka og standa með nemendum í að halda fáránleikana og að slá „bolta“ úr tunnunni. Nemendur í 1. – 6. bekk fengu bolta í sínar stofur, körfubolta, fótbolta og brennibolta. Þetta er merkt árganginum og eiga þeir að sjá um að koma með þá inn úr frímínútum og passa upp á boltana. Í fáránleikunum á unglingastigi er keppt í allkonar og allir enda sem sigurvegarar. Hver árgangur er með sitt lið og einnig kennarar.



Stóra upplestrarkeppnin

Föstudaginn 9. mars í Hafnarkirkju kl. 11:20. Þar stiga á stökk lesarar úr 7. bekk. Foreldrar eru velkomnir að hlusta.

Það er svo 15. mars sem nemendur fara á Djúpavog og hitta samnemendur og eiginlega stóra upplestrarkeppnin fer fram.

Grunnskóli Hornafjarðar

Töframaður

Einar Mikael töframaður kom til okkar í íþróttahúsið og var með sýningu fyrir allan skólann.

Foreldrafélag Grunnskólans fékk hann til að koma og vil ég þakka foreldrafélaginu það. Það er mikilvægt fyrir skólann að hafa öflugt samstarf með foreldrafélaginu því fátt er nemendum okkar mikilvægara en að foreldrar vinni með skólanum.



Umræður um seinkun skólabyrjunar

Við höfum verið að velta fyrir okkur seinkun á skólabyrjun og hefur það verið tekið fyrir í skólanefnd og í skólaráði. Til að það komi beint frá mér til ykkar þá ætlar skólinn ekki að breyta skólatímanum næsta vetur heldur halda áfram með sama tímann á morgnana eða kl. 8:10 líkt og undanfarin ár. Það er hinsvegar vilji innan skólans og kanna þetta hjá foreldrum á næsta skólaári.

Grunnskóli Hornafjarðar

Heimsókn í FAS

Nemendur úr 10. bekk heimsóttu FAS. Þegar hópurinn mætti var þeim boðið í morgunmat með nemendum og kennurum skólans. Í framhaldi af því var kynning á skólanum, námsframboði og félagslífinu. Það er frábært að komast á þessa kynningu þar sem við sem samfélag eigum að styðja við FAS fyrir okkar nemendur. Á meðfylgjandi mynd má sjá ummæli núverandi nemenda um það hvers vegna FAS ætti að verða fyrir valinu að loknum grunnskóla.

Hvað segja nemendur um FAS

Geggjað félagslíf í skemmtilegum hóp nemenda

Fámennt en góðmennt

Námið er fjölbreytt

Náttúrubrautin með skemmtilegt námsefni

Auðvelt skólakerfi

Próflaus skóli

Þarft ekki að flytja að heiman sem er mikið ódýrara

Góðir kennarar sem eru mega nice og alltaf til í að aðstoða

Æðislegur stuðningur

Getur fengið aðstoð hjá kennurum um allt

ÞAÐ ERU ENGIN LOKAPRÓF

Lesstofan er æðiii, við erum alltaf öll saman að læra og spjalla (mega næs)



Framundan



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

Heimili og skóli

Samtökin Heimili og skóla þekkja flestir og eru það samtök sem hafa velferð nemenda og foreldra í skólum að leiðarljósi. En einnig eru þau að fara í fundarherferð um land allt með það að markmiði að efla foreldrastarf á leik- grunn- og framhaldsskólastigi. Þar sem verið er að vinna í innleiðingu farsældarlaga þá er mjög mikilvægt að búið sé að ráðast í endurreisn foreldrastarfs, eiga samtalið við hagaðila, virkja foreldra, gefa þeim hlutverk og verkfæri til að vera virkir þátttakendur í að skapa farsælt samfélag í samstarfi við skóla, aðra foreldra og hagaðila. Skólinn mun senda út tilkynningu þegar þau koma á Höfn en við hvetjum foreldra til að kynna sér starfsemi þeirra.

Mannflóran

Fyrirlestur 27. mars um rasisma og fordóma fyrir unglingadeildina hjá okkur. Hann er á vegum samtaka sem kalla sig Mannflóran <https://www.mannfloran.is/> sem er fræðsluvettvangur og samfélag fyrir þá sem vilja fagna fjölmenningu á Íslandi og auka sýnileika fólks af erlendum uppruna í íslensku samfélagi.